



Borgarráð

Lagt er til að samþykkt verði að fara ekki í skuldabréfaútboð á fyrri hluta ársins 2018.

Greinargerð

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að borgarsjóður taki lán vegna framkvæmda á árinu 2018 fyrir allt að 5.714 mkr.

Staða á handbæru fé í byrjun árs er talsvert betri en áætlanir að hausti gerðu ráð fyrir og sýna drög að greiðsluáætlun ársins að ekki er þörf á lánsfjármagni á fyrri hluta ársins. Komi til þess að lausfé skorti er gert ráð fyrir að yfirdráttur verði notaður til að brúa þá fáu daga sem handbært fé kann að skorta. Þess ber að geta að borgarsjóður á 6.000 mkr í skuldabréfasafni og hefur aðgang að 6.000 mkr yfirdráttarheimildum í bönkum.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri